

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Rýni stjórnenda vorönn 2020

September 2020

Inngangur

Gæðakerfið skólans er í stöðugri þróun og verkferlar endurskoðaðir eftir aðstæðum. Gæðakerfið var uppfært til að fullnægra nýjum staðali ÍST 85:2012 á haustönn 2019 og vorönn 2020.

Kjartan Kárason frá Vottun ehf. kom og gerði úttekt á verkferlum þann 4. mars 2020. Niðurstaða úttektar barst 4. apríl

Á vorönn 2020 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði: Benedikt Barðason skólameistari, Anna María Jónsdóttir aðstoðarskólameistari, Helga Jónasdóttir áfangastjóri, Sigurður Hlynur Sigurðsson áfangastjóri, Ómar Kristinsson sviðsstjóri stúdentsprófsbrauta og Hrafnhildur Haraldsdóttir rekstrar- og fjármálastjóri. Haldnir voru 15 gæðaráðsfundir á önninni.

Gæðaráð fór yfir og vann úr athugasemnum sem komu fram í framvindumati innan tímafrests sem miðað er við. Fag- og brautarstjórar skiliðu inn áfangaskýrslum kennara í lok annarinnar og gæðaráð fór yfir athugasemdir úr þeim í maí 2020. Gögn varðandi þetta eru geymd á skrifstofu áfangastjóra.

Síðari hluti annarinnar litaðist mjög af samkomubanni sem hófst 16. mars og var út önnina, allar breytingar sem gerðar voru á námsmati komu fram í áfangaskýrslum. Engin lokapróf voru haldin innan veggja skólans heldur var áföngum breytt í símat eða lokapróf tekið á netinu. Hefðbundin viðveruskráning var felld niður og var tekið upp vinnuferli þar sem kennarar sendu áfram lista af vanvirkum nemendum á sviðsstjóra sem síðan höfðu samband við nemendur og aðstandendur eftir þörfum.

Þessi skýrsla er unnin skv. VKL-101 *Stjórnun gæðamála* og er samantekt á þeim verkefnum sem falla undir gæðaráð.



Almennar kröfur:

ISO 9001 og ÍST 85:2012:

Kröfur til rýni:

- framkvæmd með fyrirfram ákveðnu millibili,
- tryggja að gæðastjórnunarkerfið sé fullnægjandi og markvirkт

Niðurstöður rýni stjórnenda innihaldi að lágmarki ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- tækifærum til umbóta,
- hverskyns þörfum á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu,
- þörfum varðandi auðlindir

Rýnisfundur var haldinn:

Dags.:21.9.2020	Tími: 10:00	Staðsetning:B03/B02	Fund boðaði:SHS/HEL
-----------------	-------------	---------------------	---------------------

Mættir:	Sigríður Huld Jónsdóttir,, Benedikt Barðason, Ómar Kristinsson, Sigurður Hlynur Sigurðsson, Helga Jónasdóttir, Hrafnhildur Haraldsdóttir
Fjarverandi:	

Niðurstöður rýnifundar:

0. Forsendur

Tilgangur fundarins var að fara yfir **Skyrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2020**. Frumrit skýrslunnar er í vörlu áfangastjóra, afrit á bóksafni og vefútgáfa á heimasíðu skólans.

Ályktanir eru dregnar fyrir hvert atriði, og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknað saman á aðgerðalisti sem fer inn á GÁT-069 Verkefnalisti stjórnenda skv. VKL-102 Vinnureglur gæðaráðs og fá eftirfylgni þar.

1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Hér er yfirlit um vinnu við aðgerðalistu frá rýni haust 2019.

- Enn er ólokið afgreiðsla einstakra innri úttekta og er stefnt að því að ljúka við það á haustönn 2020.
- Unnið er samkvæmt áætlun um starfsmannasamtöl eins og hægt er en augljóst er að sökum Covid hefur orðið seinkun á samtöllum.
- Framvindumat var framkvæmt á vorönn 2020 og unnið úr ábendingum sem bárust gæðaráði eins fljótt og hægt er.
- Áfangaskýrslur lituðust af breyttu kennslufyrirkomulagi sökum samkomubanns á seinni hluta annarinnar. Í þeim kom fram eins og hægt var hvaða breytingar urðu á námsmati og kennslufyrirkomulagi.
- Kvartanir sem bárust gæðaráði voru færri en venjulega en voru allar afgreiddar á önninni.
- Vinna við úrbótaáætlun 2018 er langt komin og stendur til að halda þeirri vinnu áfram eftir því sem unnt er.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

- Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra vinna saman að innleiðingu persónuverndarlaga og jafnlaunavottunar. Stefnt er að því að innleiðingu jafnlaunavottunar verði lokið á haustönn 2020.
- Búið er uppfæra STS-002.

2. Niðurstöður innri úttektta

Afgreiðslu á athugasemdum úr innri úttektum fyrir vorönn 2020 er ekki lokið. Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð áfangastjóra og er framkvæmd skv. VKL-403 Innri úttektir, kafli. 5.3.

3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi

Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af gæðamarkmiðum og kvörðum sem er að finna í STS-002. Til að sjá hvort skólinn hefur náð markmiðum sínum er m.a. rýnt í niðurstöður kennslu- og starfsmannakannana, tölur um brottfall, einkunnir og viðveru nemenda. Niðurstöður vorannar 2020 birtast hér fyrir neðan. Hafa verður í huga að niðurstöður fyrir gæðamarkmið VMA eru bornar saman við markmið sem eru sett fyrir eitt ár, en hér í þessari skýrslu er einungis um að ræða niðurstöður einnar annar. Um er að ræða þætti sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fyrirvara á þegar lesið er í niðurstöðurnar. Einnig er skoðuð frammistaða ytri veitenda.

Kennslumat

Kennslumat er gert á hverri önn, í formi könnunar sem lögð er fyrir nemendur, þar sem þeir svara spurningum um störf kennara og aðbúnað til kennslu. Reglan er sú að 1/3 af áföngum skólans sé inni í hverri könnun, því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Kennslumat á vorönn 2020 fór fram í febrúar og mars. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á vorönn 2020 voru áfangar og kennrarar á eftifarandi brautum/fögum í úrtakinu: samfélagsgreinar, listnámsbraut, byggingagreinar, stærðfræði, teiknigreinar og viðskiptagreinar. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1576 kannanir og fengust 574 svar eða 36% svörun. Alls var spurt um 37 kennara og 74 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari og skólameistari hafa aðgang að. Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í kennslumati, þeir eru hér að neðan. Að öðru leyti er vísað í skýrslu um kennslumat á heimasíðu skólans undir skólinn / Innra og ytra mat / Áfanga- og kennslumat.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða vor 2020	Meðaltal síðustu þriggja anna
Ég er ánægð(ur) með aðstoðu og búnað til náms í áfanganum	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	93% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	93,3% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála
Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	86% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	88,3% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála

Ályktun gæðaráðs

Þar sem kennslumat sýnir fram á að markmiðum er náð er ekki talið nauðsynlegt að grípa til aðgerða.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020

Síða 3 af 12



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Starfsmannakönnun

Stofnun ársins sem starfsmannakönnun skólans var lögð fyrir í febrúar-apríl 2020. Sendar voru út 135 kannanir og voru svör 83, eða 61%. Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í starfsmannakönnun, þeir eru hér að neðan.

Mælikvarði	Markmið	Niðurst. 2020 Vor	Meðaltal (mt.) annarra framhalds- og háskóla
Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VMA (sp: "Á heildina litið líður mér vel í starfi mínu" og "Á heildina litið er ég ánægður í starfi mínu")	VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins	4,29(+0,15) 4,29 (+0,28)	4,41 (+0,04) mt. framhalds- og háskóla. 4,29 (+0,03) mt. allra stofnana 4,35 (+0,01) mt. framhalds- og háskóla. 4,22 (+0,01) mt. allra stofnana
Að bjóða uppá góðan aðbúnað fyrir starfsemi skólans. <i>Mælikvarði er heildareinkunn fyrir vinnuskilyrði (tölvur, vinnuaðstaða, loftgæði ...)</i>	VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins	3,26 (+0,23)	4,03 mt. framhalds- og háskóla. 3,92 mt. allra stofnana

Ályktun gæðaráðs

Starfsánægja fer vaxandi milli ára sem er jákvæð þróun.

Einnig fer áhnægja starfsfólks með aðbúnað hækkandi enda hefur tölvubúnaður, starfsmannaðstaða og annar aðbúnaður verið talsvert bættur sem og öryggismál í skólanum. VMA er á pari við aðrar stofnanir og hársbreidd frá öðrum framhalds- og háskólum.

Markmiðum með aðbúnað og vinnuskilyrði hefur ekki verið náð. Vandséð að þeim verði náð miðað við það fjárframlag sem áætlað er til almennra tækjakaupa. Einnig er vandséð að loftgæði og hljóðivist batni án verulegrar aðkomu Ríkiseigna að breytingum á húsnæði. Þrátt fyrir að einkunn hafi hækkað um 0,23 er enn talsvert í land til að ná öðrum stofnunum og verk að vinna fyrir stjórnendur.

Sé litið á heildarniðurstöður Stofnunar ársins og einstakar spurningar sést að einkunn VMA er að hækka í öllum atriðum nema loftgæðum sem standa í stað. Það er jákvætt og sýnir árangur af umbótastarfi síðustu ára.


Helstu niðurstöður eru birtar á næstu tveimur myndum. Á þeirri fyrri sjást helstu niðurstöður fyrir VMA - þættir og breytingar (innan sviga) frá mælingu síðasta árs. Á seinni myndinni sést samanburður við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki, þ.e. framhalds- og háskólar.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Síða 4 af 12



■ Verkmenntaskólinn á Akureyri
■ Framhalds- og háskólar
■ Allar stofnanir

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Námsframboð

Markmið skólans er að undirbúa nemendur undir frekara nám á háskólastigi og sérhæfð störf. Þessu markmiði er náð með reglulegri endurskoðun á námsbrautum og námsframboði. Þess má geta að VMA býður uppá nám á fjórða þrepi í vélstjórn og í meistaraskóla fyrir iðnsveina. VMA hefur tekið þátt í verkefni á vegum Hæfniseturs ferðapjónustunnar um nám í ferðapjónustu. Námsframboð er í stöðugri endurskoðun.

Rekstur, húsnæði og skipulag

Lögð er áhersla á að nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannaudstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinnur með starfsmönnum og Ríkiseignum að þróun skólans hvað varðar aðbúnað og húsnæði. Meðalnýting er reiknuð út í námshópum með því að taka saman fjölda nemenda í þeim þremur hópaviðmiðum sem eru algengust þ.e.a.s. 12-15-25 nemendur í hóp.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstað vorönn 2020
Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans	10%	15,1%
Meðalnýting á námshópum		
12 nemenda	90%	88,2%
15 nemenda	90%	95%
25 nemenda	90%	95,1%
Meðalnýting á námshópum	90%	93%
Rekstur sé í samræmi við fjárheimildir	Innan fjárheimilda	Umfram fjárheimildir. (sjá ályktun gæðaráðs)
Skólinn starfi samkvæmt ISO9001 og ÍST 85:2012 stöðlum og þeim sé viðhaldið	Vottað	Þrátt fyrir að ítrekað hafi verið kallað eftir vottunarskjali frá vottunaraðila hefur það ekki borist. ÍST 85:2012 vottun hefur ekki enn verið kláruð vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Ályktun gæðaráðs

Ljóst var í upphafi árs 2020 að rekstur skólans myndi ekki vera í samræmi við fjárheimildir ríkisins. Vegna mistaka við innheimtu húsaleiga byrjar skólinn vorönn 2020 á að vera í 21 milljóna króna skuld við ríkið. Skólinn sendi frá sér afkomuviðvörun í maí 2020 þegar þetta var ljóst en 15. október 2019 hafði verið vakin athygli á málinu við MRN. Fjárframlög hafa lækkað um 1,5 milljónir á milli ára á sama tíma og gjöld skólans eru að hækka. Umtalsverð fjölgun nýnema sl tvö ár miðað við væntingar og fjölgun nemenda á starfsbraut haustið 2020 felur í sér umtalsverðan viðbótar rekstrarkostnað sem ekki er hægt að sjá að hafi verið gert ráð fyrir í fjárframlögum skólans. Í fylgiriti framlaga er sama upphæð ætluð til Verkmenntaskólans á næsta ári og í ár. Samkvæmt samtali áfangastjóra við úttektaraðila er skólinn vottaður þrátt fyrir að hafa ekki fengið uppfært vottunarskjál.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Pjónustukönnun

Pjónustukönnun var lögð fyrir vorið 2020 og fór fram í gegnum Innu. Allir nemendur í dagskóla, alls 936, fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. Könnunin var opin frá 20.02 til 20.03 og 303 nemendur svöruðu könnuninni, eða alls 32.3%.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða vorönn 2020
Í skólanum líður mér vel	90% svara næstum alltaf eða oftast	88% svöruðu næstum alltaf eða oftast
Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf	90% svara mjög sammála eða frekar sammála	88% svöruðu mjög sammála eða frekar sammála

Ályktun gæðaráðs

Gæðaráð telur ekki nauðsynlegt að bregðast við niðurstöðum að sinni vegna aðstæðna (yfirvofandi farsóttar) sem voru á vorönn 2020 enda munurinn aðeins 2%. Minnki vellíðan og mat á undirbúningi næstu tvær annir eða lækkun verði umfram fimm prósentustig mun gæðaráð bregðast við þeim niðurstöðum.

Frammistaða ytri veitenda

Yfirlit yfir birgja og frammistöðumat (GÁT-011) á þeim er að finna á gæðastjórnunardrifi (C:Stjórnun-Rýni, mat og úrbætur-Birgjamatsyfirlit) og er eintak af þeim lista inni hjá bókhalds- og innheimtufulltrúa. Það yfirlit var yfirfarið og frammistöðumat birgja var í lagi.

4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, jafnlaunagreining, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

Eftirtalin skjöl í gæðahandbók voru endurskoðuð og samþykkt á vorönn 2020

Dags	Númer	Skjalahafti
26.02.2020	GÁT - 049	Endurmenntunaráætlun
26.02.2020	STS - 002	Gildi, markmið og stefna
26.02.2020	INN - 001	Innihald gæðahandbókar
26.02.2020	INN - 002	Skrár á pappírsformi
26.02.2020	INN - 003	Skrár á tölvutæku formi
26.02.2020	VKL - 215	Rekstur og viðhald húsnæðis og búnaðar
26.02.2020	STS - 006	Ábyrgð og valddreifing
26.02.2020	VKL - 404	Ábendingar, kvartanir, umbætur osfrv.
11.03.2020	VKL - 207	Ráðningar, móttaka og ákvörðun launa starfsmanna
17.03.2020	STS - 015	Jafnlaunakerfi
17.03.2020	VKL - 103	Samskipti útávið
01.04.2020	STS - 009	Lög og reglur
27.05.2020	GÁT - 022	Útskrift áfanga

Engin skjöl voru lögð niður

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Eftir hverja önn taka áfangastjórar saman upplýsingar um námsárangur nemenda, brottafell og mætingar. Í gæðamarkmiðum skólans eru mælikvarðar fyrir fjóra þætti er varða námsgengi nemenda. Í upphafi vorannar 2020 voru 1070 nemendur skráðir í reglulegt nám í dagskóla og 245 nemendur í fjarnámi.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstað vorönn 2020
Meðaleinkunn (allir áfangar)	6,5	7,02
Fallprósenta	10%	8,32%
Mætingar %	90%	Ómarktækt*(sjá ályktun gæðaráðs)
Brottafell %	9,00%	5,11% *(sjá ályktun gæðaráðs)

Ályktun gæðaráðs

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna, samkomubanns og lokunar skólans á seinni hluta vorannar var verklagi varðandi utanumhald/umsjón um viðveruskráningu breytt og hafði það mikil áhrif á útreikninga.

Afangaskýrslur vegna vorannar 2020

Fag- og brautarstjórar skiliðu áfangaskýrslum rafrænt á sýnidigi námsmats þann 20.5.2020. Alls voru gerðar 15 skýrslur, voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr.508 27.maí 2020 og var þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til úrvinnslu. Skýrslurnar voru sendar í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er geymt inná skrifstofu áfangastjóra.

Framvindumat vorannar 2020

Fag- og brautarstjórar skiliðu framvindumati um miðja vorönn samkvæmt skóladagatali. Alls voru gerðar 8 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 501, þann 26.2.2020 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er geymt inná skrifstofu áfangastjóra.

Ábendingar og kvartanir

Alls bárust 6 ábendingar og/eða kvartanir án þess að fara í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Málin eru í vinnslu hjá hlutaðeiganda.

4.2 Útskrift áfanga

Við útskrift áfanga er farið eftir VKL-106 og stuðst við GÁT-022. Alls eru fimm þættir sem notaðir eru til að útskrifa áfanga. Þeir eru: námsáætlun, framvindumat, kennslumat, námsmat og áfangaskýrslur. Alls voru útskrifaðir 275 áfangar á vorönn 2020.

4.3 Niðurstöður Jafnlaunagreiningar

Rekstrar- og fjármálastjóri VMA gerði launagreiningu í Emblu sem er launagreiningarkerfi ríkisins í Orra fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2020. Mat á störfum starfsfólks var í höndum rekstrar- og fjármálastjóra ásamt skólameistara og aðstoðarskólameistara VMA. Starfsmenn sem voru í þeiri launagreiningu voru í allt 135 talsins eða 70 konur og 65 karlar. Sú greining leiddi í ljós að þegar



Dagvinnulaun eru skoðuð þá er óleiðréttur launamunur uppreiknaður á milli kynjanna 2,87% körlum í óhag. Þegar heildarlaun eru skoðuð þá er munurinn 7,52% körlum í hag. Þetta skýrist af yfirvinnu sérstaklega inn á deildum þar sem starfa að mestu karlmenn. Hins vegar þegar óútskýrður launamunur er skoðaður og miðað við heildarlaun er munurinn 6,34% körlum í vil og þegar dagvinnulaunin eru skoðuð þá er munurinn 4,41% konum í hag.

5. Úrbætur

Stöðugt er unnið að úrbótum innan skólans er varða viðhald og endurnýjun aðfanga. Umsjónarmaður fasteigna sér um skráningu og utanumhald þessara framkvæmda og hægt er að nálgast GÁT-047 Víkuleg skýrsla umsjónarmanns fasteigna hjá skólameistara.

6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

- Nýr GÁT-028 var samþykktur á haustönn 2019, líkt og áður gildir sú áætlun til tveggja skólaára
- Heldur hefur dregið úr tíðni starfsmannaviðtala á vorönn 2020, endurskoða þarf áætlun um starfsmannaviðtöl m.t.t. þess
- Unnið verður að aðgerðum vegna SVÓT-greiningar og endurskoðun á henni
- Klára þarf vinnu við áhættumat sem var framkvæmt skólaárið 2018-2019 og birtingu.
- Klára þarf vinnu við að koma á fót rafrænum skráningum á athugasemendum og ábendingum og húsumsjón
- Samstarf við Hæfnisetur ferðajónustunnar, síMEY og aðra hagaðila um nám í ferðamálagreinum.
- Unnið er áfram eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var á haustönn 2018. Skólameistari og aðstoðarskólameistari bera ábyrgð á að unnið sé eftir áætluninni.
- Skólameistari ber ábyrgð á og leiðir vinnu við innleiðingu jafnlaunavottunar og endurskoðun upplýsingatæknistefnu og lýðheilsustefnu.

7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Mælipunktar eru 20 talsins, þeir sem mældi voru á vorönn 2019 eru:

- Boðið verður upp á nám á 4. þepri fyrir árið 2021.
- Meðaleinkunn nemenda sé 6,5 eða hærri
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarksárangri í áfanga sé 10% eða lægra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Mætingarhlufall nemenda sé 80% eða hærra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Brottfall nemenda sé 9% eða lægra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- 85% nemenda eða fleiri eru ánægðir með kennslu í áfanga
 - Upplýsingar úr kennslu- og áfangamati (aðstoðarskólameistari)
- Að 85% nemenda svari frekar sammála eða mjög sammála við fullyrðingunni: "Ég er ánægð(ur) með aðstöðu og búnað til náms í áfanganum."
 - Upplýsingar úr kennslu- og áfangamati (aðstoðarskólameistari)
- Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans verði undir 10% árið 2021
 - Mælt í lok árs 2019, 2020 og 2021
- Meðalnýting á námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári
 - Mælt í lok árs 2019, 2020 og 2021
- Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 og ÍST85:2012 stöðlunum í heild verði viðhaldið og vottað.
 - Innri og ytri úttektir ásamt endurnýjun á reglulegri ISO9001 vottun.

Áætluð viðbrögð við þeim þáttum sem ekki stóðust markmið má sjá í kafla 4.1 og 3.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

7.1 Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Ýmsir þættir sem hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Sbr. VKL-101 kafli 5.2.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar
Gæðavottað nám utanumhald, umsjón, umsýsla, rekjanleiki, skjalfesting	Tölvubúnaður úreltur og þarf hraðari endurnýjun
Hátt hlutfall kennara með faglega menntun og kennsluréttindi	Tækjakostur til verklegrar kennslu þarfast endurnýjunar
Áfangakerfi - sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og námstíma	Fagbekking í mannaússtjórnun og ónægur tími stjórnenda til að sinna mannaúðsmálum
Stoðþjónusta við nemendur - námsráðgjafi, sálfræðingur, forvarnarfulltrúi, hjúkrunarfræðingur	Fjárfamlög til skólans
Stöðugt og fjölbreytt innra mat - kennslukannanir, rýni stjórnenda, þjónustukönnun, Stofnun ársins o.fl.	Viðvera og brotthvarf nemenda
Valáfangar (iöngreinakynning) í boði fyrir grunnskólanemendur á Akureyri	Skortur á sérhæfðu húsnæði fyrir ákveðnar greinar, s.s. starfsbraut, iöngreinar og íþróttagreinar
Heimavist fyrir nemendur	
Lítill starfsmannavelta. Helgun í starfi og við vinnustað.	Skortur á tíma fyrir samráð og samvinnu
Fjölbreytt samsetning nemendahópsins	Móttaka og utanumhald um erlenda nemendur
Erlend samstarfsverkefni og nemendaskipti	Vinnuumhverfi starfsmanna og nemenda svo sem tölvu- og tækjabúnaður og vinnuaðstaða.
Þverfaglegt samstarf innan skólans og samþætting námsgreina	Skortur á samstöðu starfsmanna við að framfylgja skólareglum (munntóbak, snjalltæki o.fl.)
Vel skipulagt gæðakerfi og reglulegar ytri úttektir til að viðhalsa ISO-9001 vottun.	Of stuttur matartími fyrir nemendur
Góður starfsandi og gott samstarf kennara	Samráð við starfsfólk um stefnumótun og endurskoðun á námi
Vel tekið á móti nýnemum og öflugt umsjónarkerfi á fyrsta ári	Kynjahalli innan ákveðinna brauta/greina bæði í nemenda og kennarahópnum
Gott samstarf stjórnenda og stjórnar nemendafélagsins	Líttill tími til að sinna starfsþróun starfsfólks
Vel skipulagt húsnæði og góð umgengni	Loftgæði og hitastig í húsnæði skólans
Verknámsaðstaða er sýnileg og vel tengd öðru skólastarfi	
FabLab smiðja er í húsnæði skólans	
Góð aðstaða á bókasafni skólans	
Ógnanir úr umhverfi	Tækifæri í umhverfi
Fjárfamlög til skólans duga ekki til reksturs skólans	Aukin samskipti/samvinna við atvinnulífið í nærumhverfinu
Minnkandi fæðingarárgangar á upptökusvæði skólans og lítil fólkssjölgun	Samvinna við háskóla um réttindanám kennara

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Minnkandi áhugi nemenda á ákveðnu námi	Breytingar á atvinnulífi og samfélagini sem kalla á ný námstækifæri
Breytingar á atvinnulífi sem eru þess valdandi að ákveðnar námsleiðir dragast saman eða nemendum fækkar	Eftirspurn atvinnulífs eftir fagmenntuðum einstaklingum
Samkeppni um nemendur	Þjónusta við nemendur með styttri námskeiðum s.s. suðunámskeið, vélgaeslunámskeið, textíl o.s.frv.
Breytingar á inntökuviðmiðum háskóla	Niðurgreiddar skólamáltíðir eða framfærslustyrkir til ungmannna
Of fá úrræði í boði fyrir nemendur sem standa höllum fæti í nám	Efla bóknámsdeildir (ímyndarvinna) ákveða að vera framúrskarandi
Fáir iðnmeistarar með kennsluréttindi	Efla jafnréttisfræðslu og vera í framvarðasveit framhaldsskóla á því sviði
Styttri námsleiðir í iðn- og starfsnámi, s.s. verslunarþjóna eða aðstoðarmaður á verkstæði eru ekki viðurkennnd starfsréttindi.	Nýjar kennsluaðferðir með nýrri tækni og breytti hugsun (spjaldtölvur, Youtube, Moodle, Flipped teaching)
Vanlíðan, kvíði og andleg veikindi nemenda	Samvinna við grunn- og framhaldsskóla ásamt framhaldsfræðslu aðilum
Stafrænt áreiti í námi og kennslu	Kynningarmál
Álag á nemendur vegna íþróttastarfs eða vinnu utan skóla	4. þreps nám í samvinnu við háskóla
Skortur á heilbrigðis- og stoðþjónustu við nemendur sem glíma við sértæk vandamál	Kanna afdrif útskrifaðra nemenda frá skólanum og hvernig námið hefur nýst þeim í frekara námi eða atvinnulífi
Starfstími skóla skv. reglugerð og kjarasamningum	Efla þekkingu og hæfni nemenda til að tileinka sér tækninýjungar í samræmi við breytt samfélag og atvinnulífi

Ályktun gæðaráðs

Farið var yfir SVÓT greiningu á gæðaráðsfundi nr.512 þar sem bætt var við og tekin af ýmis atriði. Í framhaldi var ákveðið að búa til verkefni upp úr þeim liðum sem brýnast þótti að taka á.

8. Tillögur um umbætur

Endurskoðun námsbrauta með það að markmiði að bæta hópanýtingu. Markmið að bæta rekstur og tryggja nemendum nauðsynlegan undirbúning fyrir sérhæft háskólanám miðað við inntökuskilyrði háskóla.

Félagslíf nemenda VMA hefur vaxið mjög undanfarin ár og er vöxturinn mestur í leiklist. Tekin hefur verið ákvörðun um að færa sýningar sem mest í húsnæði VMA til þess að draga úr kostnaði við sýningar en einnig til þess að gera starfið sýnilegra innan skólans. Í tengslum við þetta þarf að breyta notkun á Gryfju ásamt að búa til leikmunageymslu fyrir Þórdunu. Markmið að gera félagslíf sýnilegra í skólanum og að draga úr kostnaði.

Mjög mikil eftirspurn er um þessar mundir eftir starfsnámi, sérstaklega iönnámi. Markmið að svara óskum nemenda og atvinnulífsins um fjölgun iðnaðarmanna.

Rýni stjórnenda niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

9. Tillögur um auðlindir

Endurskoða húsnaði VMA með það að markmiði að bæta vinnuaðstæður, aðgengi og nýtingu þess rýmis sem nú er notað.

Ýmislegt viðhald á húsnaði VMA í samstarfi við Ríkiseignir með það að markmiði að auka rekstraröryggi skólans og öryggi starfsfólks. Má þar nefna snjógildrur við loftræsingu, lokuð kerfi á loftræsingu og snjóbræðslur, þak yfir miðrými og endurnýja plast í þakgluggum.

Áframhaldandi innleiðing á heimsmarkmiðum

Tímatafla - stokkatafla - dreifnám - breytt kennslufyrirkomulag - sveigjanleiki

10. Aðgerðalisti

Skv. verklaginu sem lýst er í kafla 5.4 í VKL-401 Rýni stjórnenda, eru aðgerðir á aðgerðalista færðar yfir á GÁT-069 Verkefnistaðistjórnenda. Aðgerðalistinn verður einnig viðfangsefni næstu rýni (sbr. atriði 6 hér að neðan). Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda haust 2019**.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VOR 2020			
Nr.	Verkefni	Ábyrgð	Tími
1.	Fyrri rýni stjórnenda		
	Unnið verður samkvæmt áætlun um starfsmannasamtöl	Skólameistari/ aðstoðarskóla meistari	H20
	Vinna við úrbótaáætlun frá 2018 verður kláruð	Skólameistari	H20
	Unnið að innleiðingu persónuverndarlag og jafnlaunavottunar	Skólameistari	H20
2.	Innri úttektir		
	Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum áfangastjóra	Áfangastjórar	H20/V21
	Gerð verður ný áætlun um innra mat GÁT-028	Áfangastjórar	H20
3.	Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigendum		
	Endurskoðun námsbrauta	Áfangastjórar	H20/V21
4.	Frammistaða ferla, samkv. vöru, jafnlaunagreining, útskrift áfanga og námskeiða		
	Unnið er að því að fá vottun á jafnlaunakerfi VMA	Skólameistari	H20
5.	Úrbætur		

Rýni stjórnenda
niðurstöður vorönn 2020



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Síða 12 af 12

	Vinna við úrbótaáætlun frá 2018 verður kláruð	Skólameistari/ aðstoðarskóla meistari	H20
6.	Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda		
	Klára vinnu við að koma á fót rafrænum skráningum á athugasemdum og ábendingum og húsumsjón	Áfangastjórar	H20
7.	Breytingar sem geta haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið		
	Unnið verður að aðgerðum vegna SVÓT-greiningar	Skólameistari/ aðstoðarskóla meistari	H20
	Vinna við áhættu mat sem unnið var 2019 verður kláruð	Skólameistari/ aðstoðarskóla meistari	H20
8.	Tillögur um umbætur		
	Endurskoða námsbrautir	Áfangastjórar	H20/V21
	Endurskoðun á stokkatöflu og tímatóflu	Áfangastjórar	H20
9.	Tillögur að auðlindum		
	Endurskoða húsnæði með tilliti til vinnuaðstæðna og nýtingu	Skólameistari/ aðstoðarskóla meistari	H20
	Viðhald á húsnæði VMA í samstarfi við Ríkiseignir með það að markmiði að auka rekstraröryggi skólans og öryggi starfsfólks t.d. snjógildrur við loftræsingu, lokuð kerfi á loftræsingu og snjóbræðslur, þak yfir miðrými og endurnýja plast í þakgluggum	Skólameistari/ aðstoðarskóla meistari	H20
	Skoða breytingar á notkun Gryfjunar	Skólameistari/ aðstoðarskóla meistari	H20